

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Áhaldakaupasjóð
Sjúkrahúss Akraness, nr. 152/1958.

1. gr.

Samþykktar hafa verið eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn. Stofnandinn, Lionsklúbbur Akraness, kys þá úr sínum hópi á aðalfundi ár hvert. Stjórnin skal halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og í hana skal færa stofnskrá þessa og allar gerðir er sjóðinn varða þar á meðal árlega reikning sjóðsins.

6. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Reikningsár sjóðsins er frá 1. apríl til 31. mars og skulu reikningar endurskoðaðir af tveimur þar til kjörnum félagsmönnum úr Lionsklúbbi Akraness, sem kosnir eru á aðalfundi klúbbsins til eins árs í senn.

8. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari. Þannig samþykkt á fundi í Lionsklúbbi Akraness 1. október 1958.

Breytingar samþykktar á fundi Lionsklúbbs Akraness 7. október 2025.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Áhaldakaupasjóð Sjúkrahúss Akraness staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 4. febrúar 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Helga Haraldsdóttir.